

Sunnan við punkt 1. er dregin bein lína í sjó fram.

Mörkin liggja þannig milli ofangreindra punkta:

Milli punkta	1 og 2	Bein lína,	lengd . . . . .	133.733 m
Milli punkta	2 og 3	Bein lína,	lengd . . . . .	533.814 m
Milli punkta	3 og 4	Bein lína,	lengd . . . . .	288.609 m
Milli punkta	4 og 5	Bein lína,	lengd . . . . .	1.024.025 m
Milli punkta	5 og 6	Bein lína,	lengd . . . . .	307.735 m
Milli punkta	6 og 7	Bein lína,	lengd . . . . .	1.125.627 m
Milli punkta	7 og 8	Bein lína,	lengd . . . . .	225.275 m
Milli punkta	8 og 9	Bein lína,	lengd . . . . .	267.659 m
Milli punkta	9 og 10	Bein lína,	lengd . . . . .	358.671 m

Aðilar eru sammála um að fara þess á leit við félagsmálaráðherra að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til þess að framangreindar breytingar öðlist lagagildi.

Akranesi, 16. desember 1988.

F.h. Innri-Akraneshrepps: Anton Ottesen, oddviti Innri-Akraneshrepps.

F.h. Akraneskaupstaðar: Gísli Gíslason, bæjarstjóri.“

*Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 47/1989 um vörugjöld.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Vörugjaldsskyldir þættir starfseminnar, sala og innkaup, skulu einnig aðgreind eftir því hvort um er að ræða vörur sem bera 9% vörugjald eða 25% vörugjald.

2. gr.

2. málsgrein 16. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á Viðauka I:

A. Við viðaukann bætist:

3816.0000	Eldfast lím, steinlím, steinsteypa og áþekkar samsettar vörur.
3823.4000	Tilbúin íblöndunarefni fyrir sement, steinlím eða steinsteypu.
3823.5000	Óeldfast steinlím og steinsteypa.
4016.9918	Plötur, ræmur, stengur, prófilar, leiðslur, hlutar o.þ.h. tilsníðið til notkunar í mannvirki.
4403.3400	Okumé, Obeche, Sapelli, Sipo, Acajou D’Afrique, Makoré og Iroko.
4407.2101	Gólfklæðning.
4407.2109	Annar.
6809.9001	Til bygginga.

8481.3000 Eftirlitsventlar.

B. Eftirfarandi leiðréttingar eru gerðar:

Nr. 3920.9402 verði 3920.9902

Nr. 6811.2100 verði 6811.2001

Nr. 7213.4919 verði 7213.4909

Nr. 7215.5000 verði 7215.9000

Nr. 8527.3103 verði 8527.3102

Nr. 9402.2000 verði 9402.9000

Nr. 4403.3300 orðist svo:

4403.3300 Keruing, Ramin, Kapur, Teak, Jongkong, Merbau, Jelutong og Kempas.

Texti á undan nr. 4407.2201 orðist svo:

Dökkrauðum Meranti, ljósrauðum Meranti, Meranti Bakau, hvítum Meranti, hvítum Seraya, gulum Meranti, Alan, Keruing, Ramin, Kapur, Teak, Jongkong, Merbau, Jelutong og Kempas:

Á undan nr. 4407.9101 komi:

Úr eyk:

4. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á Viðauka II:

Nr. 1805.009 verði 1805.0009.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 573/1988.

*Fjármálaráðuneytið, 13. mars 1989.*

F.h.r.

**Lárus Ögmundsson.**

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

## GJALDSKRÁ

**Rafveitu Reyðarfjarðar.**

### I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

#### 1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

#### 1.1 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . 9,00 kr. á kWh

#### 1.2 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . 6,82 kr. á kWh

#### 2. Notkun til heimilisþarfa.

#### 2.1 Fast gjald F3

Orkugjald . . . . . 6,82 kr. á kWh